

FUNDARGERÐ	Tílefni funda Þjórsárdalur – Fundur með samstarfshóp um málefni verndarsvæðisins		Síða
Dags. funda 14.10.20	Tími 10:00 – 12:00	Staður Fjarfundur á Teams	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Aron Geir Eggertsson		

Fundarmenn

Frá Umhverfisstofnun: Aron Geir Eggertsson og Hákon Ásgeirsson, Frá Minjastofnun: Uggi Ævarsson og Ásta Hermannsdóttir. Frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp: Björgvin Skafti Bjarnason og Kristófer A. Tómasson. Frá Skógræktinni Hreinn Óskarsson.

Efni fundarins

- Framkvæmdir sumarsins og fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Umhverfisstofnunar
- Landvarsla liðins sumars og næsta árs.
- Staða vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlun
- Erindi frá Rauðukömbum ehf.
- Önnur mál

Farið yfir hvernig landvörslu var háttað í sumar. Gert er ráð fyrir svipuðu fjármagni í landvörslu á næsta ári. Uggi rifjar upp hugmyndir um að samnýta landvörslu milli UST og MÍ og hvernig staðan væri á því samkomulagi. Hákon telur að það standi enn til og þurfi að fá hugmyndir frá MÍ um hvernig landverðir eiga að vinna að eftirliti með menningarminjum. Lagt til að MÍ og UST hittist við tækifæri og móta hugmyndir um hvernig best sé að haga þessu samstarfi.

Í sumar var gert átak í að markaðsetja friðlýstu svæðin og hvetja Íslendinga til heimsækja svæðin. Auk þess voru skipulagðar fræðslugöngur sem gengu vel þar til Covid lokaði á þær. Verður haldið áfram með slíkar göngur næsta sumar.

Tveir Sjálfboðaliðahópar komu í sumar á vegum UST og voru m.a. að laga gönguleiðir við Háafoss og útsýnisstaði þar. Seinni hópurinn stikaði milli Háafoss og niður að Stöng. Þessu verkefni er nánast lokið og verður klárað næsta sumar. Ákveðið hefur verið að stika einnig að Hólaskógi og hugmynd að gera hringleið niður að Gjánni. Næsta sumar verður haldið áfram að stika og settar upp númeraplötur.

Minjastofnun bendir á að mikilvægt sé að hafa stofnunina með í ráðum ef stendur til að búa til nýjar leiðir innan dalsins.

Landvörður er búin að mæla lengd gönguleiða og láta gera táknmyndir um hvað er langt að tilteknum áfangastöðum.

Svæðið við Háafoss er í góðu standi og eftir að bílastæði var lagað þar á síðasta ári hefur gróður þar í kring jafnað sig mikið og betri stýring á bílaumferð. Gróður er að taka vel við sér eftir að stígar voru afmarkaðir með girðingum og leiðbeinandi skiltum. Gönguleið niður að fossi er vel við haldið og er í góðu ásigkomulagi. Þarf að viðhalda á hverju vori. Hugmynd um að færa gönguleiðina niðri í gjánni aðeins til

Þannig að hún verði ekki eins sýnilega í landslaginu. Búið að stika hringleið ofan við Háafoss til að draga úr að gengið sé út um allt.

Gott ástand við Hjálparfoss og stýring orðin nokkuð góð. Þarf að fara í viðhald á stígum og einnig skipuleggja stíga við vatnið neðan við fossinn. Skógræktin með ca milljón sem áætlaður er í viðhald á göngustígum.

Gönguleiðin milli Háafoss og Stangar er vinsæl hjólaleið. Einnig hefur verið hjólað frá Stöng og í Gjánna, búið að loka fyrir það þar sem ekki er talið æskileg að hjóla ofan í Gjánni.

Ef áhugi er fyrir því að UST taki við rekstri salerna á svæðinu, þá þarf að koma erindi frá sveitarfélagi og Skógræktinni þess efnis. Ekki til staðar fjármagn hjá UST til að reka salerni, þarf að setja í rekstraráætlun.

Gerð var greining á því að leggja göngustíg færan hjólastólum frá Stöng að Gjánni norðan megin árinna og kom í ljós að það yrði mikið inngrip og þarf mikla uppbyggingu. Mikil vinna sem kallar á umtalsvert rask til að gera stíginn fullvottaðann hjólastóstíg. Þarf að skoða málið frekar og útfæra hvar henti best að gera stíg færan hjólastólum án þess að það valdi miklu raski. UST leggur til að endurskoða stígagerðina og finna annan stað fyrir hjólastóstíg. Nú þegar er gert ráð fyrir stíg færan hjólastólum sunnan megin við Gjánna.

Mikilvægt að setja upplýsingar við þjóðveg um hve langt er inn að Stöng og Gjánni. Einnig þarf nauðsynlega að fara í viðhald á veg að Stöng og Gjánni, ekkert viðhald í ár nema þegar vegurinn var opnaður í vor. Lagt til að sækja um fjármagn í styrkvegaskjóð. Einnig lagt til að Vegagerðin skilgreini veginn sem vegur að ferðamannastað – þannig hækkar þjónustustig á veginum.

Fjármagn sem er nú til staðar til framkvæmda í Gjánni þarf að nota innan árs. Framkvæmdir eru að hefjast og komið er vilyrði frá sveitarfélagi um framkvæmdarleyfi í samræmi við deiliskipulag sem er í vinnslu. Hjólastólaaðgengi ofan við Gjá eru allir sammála um að hætta við þá framkvæmd vegna umfangs og mikils rasks á náttúru svæðisins.

Erindi frá Rauðukömbum vegna byggingar þjónustuhúss: Þarf að fara í gegnum Ríkiskaup. Ákveðið að stofnanir fulltrúa í samstarfshóp um Þjórsárdal taki upp erindi Rauðkamba innan sinnar vébanda og ræði hvernig aðkoma þeirra og sveitarfélags gæti orðið.

Niðurstaða fundar

Svara Rauðukömbum innan tveggja vikna.

Uppfæra þarf Landsáætlun um uppbyggingu innviða og áætla hvaða verkefni á að sækja um að fara í. UST og Minjastofnun munu funda og fara yfir það og í framhaldinu boða til fundar með samstarfshópnum til að fara yfir verkefni sem lagt er til að sækja um.

UST og MÍ funda um hvernig samstarfi um eftirlit með minjum verði háttað.

Sveitarfélag og Skógræktin senda erindi til UST um rekstur salerna.